

Eins langt og  
augað eygir:  
Geysisfélagar  
fóru á  
Kjarvalsstaði.



**Einmánaðarþanki:** Páll Vídalín:  
„Eins get ég að tvímánuður hafi sitt  
nafn fengið til varnaðar bómönnum að  
þá væri tveir einir mánuðir til vetrar og  
bæri því nauðsyn til, að gæta  
sumarútréttunga.“



04. töl. 2022

# Litli Hver



## Einmánaðarþanki

Gruggugt nafn á mánuði eða hvað, því það er eins og hann kalli á annan mánuð sem þá gæti hugsanlega kallast tvímánuður og svo þrimánuður og fjórmánuður og svo alveg upp í tólfmánuð. Hvílkft hagræði og einföldun og um leið ótrúlega ömurlega eintóna, eða tólf tóna eftir atvikum. Samt sem áður fela þessi gömlu mánaðarheiti í sér mikla fegurð um leið og þau endurspeglja fornan aldahátt til sjávar og sveita.

Vísindavefurinn hefur meðal annars þetta um málið að segja og er þar vitnað í Pál Vídalín lögmann:

„Það sýnist mér líkast, að einmánuður heiti svo að því, að hann er þá einn eptir vetrarins, en tvímánuður, af því þá eru tveir eptir af sumrinu.“

Og þetta til viðbótar:

„Eins get eg að tvímánuður hafi sitt nafn fengið til varnaðar búmönnum, að þá væri tveir einir mánuðir til vetrar, og bæri því nauðsyn til, að gæta sumarútréttinga. Einmánuður þar í mót til huggunar í vetrarstríði bænda, að sumarið færi þá í hönd að einum mánuði liðnum.“

*Benni*

## Mynd á forsiðu

Forsíðumyndin að þessu sinn er af gamla vitanum á Akranesi. Myndina tók Fía Dahlström okkar góði finnski sjálfboðaliði einn góðviðrisdag á Skaganum. Voldugt skýjafar, brimsorfnar klappir og hvítur vitinn dálítið lítill í sér að rækja skyldur sínar fyrir hafsins hetjur.



## Töframátturinn



Töframáttur tónlistar sem Gunnar Kvaran sellóleikari er frumkvöðull að hefur aftur náð vopnum sínum (hljóðfærum) eftir covid og er það mikið gleðiefni. Myndin að ofan er tekin á tónleikum sem fram fóru 21. febrúar síðastliðinn. Þar stigu á svið Mathias Halvorsen á píanó og María Qing Sigríðardóttir á selló.

**Athugið! Afmælisveisla  
félaga í apríl verður  
þriðjudaginn 26. apríl.  
Allir að mæta**

## Tölfræði fáránleikans



„Sjá allt þetta skal ég veita þér“ (Mynd) <https://twitter.com/milanposts/status/1187867265137545217>

Hér eru félagarnir Berlusconi og Paola Maldini. Samn urðu áttu þeir mikilli velgengi að fagna.

1934	21	1	
1938	21	0	
1950	22	2	
1954	22	1	
1962	22	7	
1966	22	3	
1970	22	3	
1974	22	3	
1978	22	1	
1982	22	1	
1986	22	1	
1990	22	4	
1994	22	7	
1998	22	3	
2002	23	4	
2006	23	5	
2010	23	3	
2014	23	3	
	379	52	14%

Stórlið AC Milan sem er að ná vopnum sínum á 14% hlutfall leikmanna í landsliðshópi Ítala á HM frá upphafi. Félagið vann skúdetúinn tíu sinnum áður en Silvio Berlusconi kom til sögunnar 1986. Þar með er hæpið að útskýra fjölgun landsliðsmanna á HM frá þeim tíma út frá því. Hins vegar er athyglisvert að eftir að AC Milan hafði unnið deildina þrjú ár í röð (Meistaradeild 1994) þá eiga þeir sjö fulltrúa á HM í Bandaríkjunum.



## Bratti klúbbfélaginn

### Frímerkjaframleiðsla

Sagan segir að hinn bratti klúbbfélagi sé alltaf á útkikki eftir nýjum tækifærum að efla sig og ekki síður að leita leiða til tekjuöflunnar og að sjá sér farborða á kaupvöllum heimsins.

Heyrst hefur að nú sjái hann ekki neitt annað en arðsemisókn í frímerkjaverslun og -framleiðslu. Rennur honum blóðið til skyldunar þar sem hnignun hefur orðið mikil á síðustu árum í frímerkja-umsetningu Bæði telur hann þau merkin of stór og ekki síður hefur listrænum metnaði hnignað svo um munar frá fyrstu frímerkjaútgáfum íslenska lýðveldisins. Ekki er hann síður óánægður með þessi sjálfmáandi plastmerki sem öllum umslögum ríða núna. Saknar hann mjög svo að geta ekki rennt tungunni eftir bakhlið merkja eins og tíðkaðist með menningarþjóðum forðum.

Félaginn hefur fengið þekktu alþjóðlega fjárfesta með sér í ævintýrið til að efla ljóma útgáfunnar. Höfuðstöðvar nýju útgáfunnar verða á Nýja Sjálandi, enda svipar í mörgu til Íslands, sérstaklega náttúrufar. En ástæða þess að staðsetja verkefnið á Nýja Sjálandi er fyrst og fremst hversu prentverk er ódýrt í þessum hluta heimsins. Hagsýni ávalt í fyrirrími hjá félagamönnum. Munum það og að frímerkjin sem gefin voru út vegna Alþingishátíðarinnar 1930 voru teiknuð af Austurríkismanni.

# Matseðill fyrir apríl 2022



## Matseðill er birtur með fyrirvara um breytingar

**Alla daga er hægt að panta sér salatskál a la grande.**  
**Munið að panta samdægurs fyrir klukkan 10.00**

Mán.	Þri.	Mið.	Fim.	Fös.	Lau.
				1. Kálböggjar	2.
4. Sveppasúpa	5. Steiktur fiskur í raspi	6. Spagetti Bolognes	7. Hlaðborð	8. Kjúklingur a la Tóta	9.
11. Burritos a la Arnar	12. Bakaður lax með aspas	13. Pizza að hætti hússins	14. Skírdagur LOKAD	15. Föstudagurinn langi LOKAD	16. Páskalambið og með því 11.00 til 14.00 
18. Annar í páskum LOKAD	19. Fiskur í ofni	20. Steiktur kjötbollur í brúnni sósu með grænum og rauðkáli	21. Sumardagurinn fyrsti LOKAD	22. Gúlassúpa	23.
25. Eggjakaka	26. Plokkfiskur	27. Baunaréttur	28. Hlaðborð	29. Kjúklinganaggar, franskar og sósa	30.

Hefur þú tillögur að skemmtilegri matseld og hugmyndir um að auka fjölbreytni á matseðli Klúbbsins Geysis? Mættu þá á eldhúsfund kl. 10:30 síðasta mánudag hvers mánaðar og taktu þátt í að móta heilsusamlegan og fjölbreyttan matseðil.

## Opnunartími og aðrar upplýsingar varðandi vinnumiðaðan dag og sóttvarnir

Öll starfsemi klúbbsins hefur verið með eðlilegu móti frá 2. febrúar eftir lokun og covidleiðindi í lok desember 2021 og janúar 2022.

Morgunmatur er eins og áður frá kl. 8:30 til 9:15 og auðvitað kostar hann ekkert, hádegismatur verður eldaður, félagsleg dagskrá byrjar, auk hlaðvarps, tölvuvers og atvinnuleitarhóps.

**Tölvuverið** er á þriðjudögum kl. 11:15.

**Atvinnleitarhópurinn** er hálfsmánaðarlega á mánudögum kl. 14:00

Aðrir fundir verða á sama tíma og þeir hafa verið á. Við munum auglýsa alla fundi á heimasíðunni.

Við fylgum sóttvörnum og verðum áfram með grímur þegar við náum ekki að viðhafa eins metra reglunni. Handþvottur og spritt er eitthvað sem við kunnum að nota og við höldum áfram að sótthreinsa alla snertifleti.

Félagar eru minntir á það að koma ekki í klúbbinn ef þeir finna fyrir einhverjum einkennum s.s. kvefi, hálsbólgu, beinverkjum og ýmiss konar annari vanlíðan sem tengja má covid

## Spurning mánaðarins

Hver er uppáhalds bíómyndin þín og sjónvarpsþættir

### Helgi Halldórs:

Psycho, The Birds;  
Jaws og Dexter í  
sjónvarpsseríum.



**Jacky:** Sound of  
Music og The good  
Doctor



**Fia:** Mamma mia og  
Criminal Minds



**Siggi Bjarni:** Nýjasta  
Batmanmyndin og  
Chicago Fire.



**Mikael:** A Clockwork  
Orange. Vietnam er  
líklega besta  
sjónvarpsserian sem ég  
hef séð.



# Félagar fóru á sýningu Birgis á Kjarvalsstöðum: Eins langt og augað eygir



17. mars síðastliðinn var farið á viðamikla listasýningu sem er fjölbreytt og umfangsmikil yfirlitssýning á verkum myndlistarmannsins Birgis Andrésónar (1955-2007) sem var leiðandi afl í íslenskrri myndlist í meira en 30 ár. Birgir sótti í verkum sínum í brunn íslenskrar menningar, sagna, hefða og handverks og setti fram með einstökum hætti. Birgir Andrésón er án efa einn dádasti, frumlegasti og gleggsti samtíma-myndlistamaður íslenskur að öðrum ólöstuðum þó. Birgir lést langt um aldur fram, en þrátt fyrir það liggur eftir hann óhemju mikill arfur að þæla í. Á sýningunni er veitt innsýn í áhrifamikinn feril hans og verk hans tengd við innlenda og erlenda samtímalist. Heimsóknin á Kjarvalsstaði er liður í samstarfi Klúbbsins Geysis og safna

sem Reykjavíkurborg hefur umsjón með. Það samstarf hefur verið til mikillar fyrirmyndar og skemmtilegt. Á Kjarvalsstöðum tók Kristín Dagmar Jóhannesdóttir listfræðingur á móti hópnum. Hún var mjög skemmtileg og upplýsandi í leiðsögn sinn og er þakkað kærlega fyrir líflegt og skemmtilegt samtal við hópinn. Á síðunni eru nokkrar myndir frá heimsókninni





## Ljóð eftir Rúnar Einarsson

### blástjarna

blikaðu blástjarna  
á ljósbárum tímans  
yfir myrkan himingeim.

blikaðu blástjarna  
ljósbáru er falla að strönd  
er sefa mína sorg.

blikaðu blástjarna  
á bárum hjartans  
kærleikans orð geisla á ný.

# Pósturinn



**Dódó á Dalatanga er mjög virk í póstveröld Litla Hvers. Hún er nú með mjög forvitnilega spurningu sem hljóðar svona?**

**Vitið þið hvernig baðbomba virkar, hvað gerist og þannig?**

**Svar:** Ein góð vinkona mín sagði mér frá þegar hún og kærastinn fóru saman í bað eftir að vera búin að setja eina bombu í baðið. Kærastinn varð allur í glimmeri, augun, hárið, skrokkurinn ... og ferlega sexy, eða þannig.

Daginn eftir sá hún slóð liggja á milli baðkarsins og rúmsins, á öllum mottum, í rúminu, handklæðum og öllu. Þau fóru svo í vinnuna. Um kvöldið fór ég aftur í bað og varð aftur öll í glimmeri. Sá þá að handsápan mín var öll í glimmeri og baðkarið.

Þegar kærastinn kom svo heim úr vinnunni var hann ENN allur í glimmeri og var alveg foxillur því það var gert svo mikið grín að honum. Sem var ekkert skrítið því hann var með glimmer á augnlokunum.

Þannig að samkvæmt þessu þá borgar sig ekki að kaupa baðbombur með glimmeri, passa sig á því. En gangi ykkur vel dúllur.

# Litli Hver



Clubhouse International  
Creating Community: Changing the World of Mental Health

## Geðheilsa er líka heilsa

### Félagsleg dagskrá í apríl

**Fimmtudagur 7. apríl:**

Ljósmyndasafn

Reykjavíkur með leiðsögn



**Laugardagur 16. apríl:** frá kl. 10.00 til 14.00

Páskaveisla. Páskalambið sívinsæla ásamt meðlæti. Verð kr. 2000. Staðfestingargjald kr. 1000 greiðist eigi síðar en 11. apríl.

**Fimmtudagur 28. apríl:** kl. 16.00 til 19.00

Opið hús. Spurningakeppni

**Klúbburinn verður lokaður eftirtalda daga í apríl:**

14. apríl Skírdagur

15. apríl Föstudagurinn langi

18. apríl Annar í páskum

21. apríl Sumardagurinn fyrsti

## Gleðilega páska

Afmælisveisla félaga sem eiga afmæli í  
apríl verður haldin  
þriðjudaginn 26. apríl kl. 14:00

### Félagi mánaðarins



**Abdel Haleem**

**Dabedub** er félagi mánaðarins að þessu sinni. Hann gerðist félagi í Geysi 2007 og hefur sótt klúbbinn jafnt og þétt síðan. Hann er í eldhús- og viðhaldsdeild. Haleem er frá Egyptalandi og starfaði sem flugþjónn hjá Atlanta þegar hann kom til Íslands og ákvað svo að setjast hér að. Hann segist þó reyna að heimsækja Egyptaland öðru hverju.

Haleem hefur unað sér vel í Geysi þar sem hann hefur notið sín í fjölbreyttum verkum. Sérstaklega hefur hann verið góður í móttökkunni. Við óskum Haleem alls hins besta í framtíðinni.